

VEGALÖG

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég samkvæmt 6. gr. laga nr. 24 20. maí 1969, um breyting á vegalögum, nr. 71 30. desember 1963, hef látið fella meginmál laga nr. 12 14. maí 1964, meginmál laga nr. 7 10. apríl 1968 og meginmál hinna fyrstnefndu laga, um breytingu á vegalögum, nr. 71 30. desember 1963, inn í vegalög nr. 71 30. desember 1963 og gef þau út svo breytt:

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Orðið vegur merkir í lögum þessum akbraut, land og mannvirki, sem að staðaldri eru nauðsynleg, til þess að vegur sé varanlegur, unnt sé að halda honum við og hafa af honum sem fyllst not.

Til vegar teljast því, auk vegstæðis og vegar, vegbekkir, skurðir, sneiðingar, fyllingar, ræsi, öryggisgrindur, biðstæði og umferðarljós.

Til vega teljast enn fremur brýr, jarðgöng og ferjubryggjur, svo og vetrarvegir.

2. gr.

Opinber vegur er hver sá vegur, sem ætlaður er almenningi til frjálstrar umferðar og kostaður er af fé ríkis eða sýsluvegasjóðs.

3. gr.

Veghald merkir vegagerð og viðhald vega.

Veghaldari er sá aðili, er sér að öllu leyti um veghald.

4. gr.

Ákvæði laga þessara um vegagerð gilda einnig um breikkun, breytingar og umbætur vega, nema annað sé ákveðið í lögum eða leiði af eðli málsins.

5. gr.

Þegar vegagerð er ákveðin samkvæmt mældri veglínu og fé veitt til hennar, skulu ákvæði laga þessara taka gildi um vegalagninguna, að svo miklu leyti sem við á.

6. gr.

Lög þessi gilda ekki um götur í kaupstöðum eða kauptúnnum, nema sérstaklega sé ákveðið í lögnum.

II. KAFLI

Um stjórn vegamála og veghald.

7. gr.

Ráðherra sá, er fer með samgöngumál, hefur yfirstjórn allra vegamála. Til þess að stjórná framkvæmdum í þessum málum skipar forseti Íslands vegamála-stjóra, er veitir Vegagerð ríkisins forstöðu, en ráðherra skipar honum verkfræðinga og aðra starfsmenn eftir þörfum, að fengnum tillögum hans.

8. gr.

Vegagerð ríkisins er veghaldari allra opinberra vega samkvæmt lögum þessum.

9. gr.

Heimilt er Vegagerð ríkisins að fela hlutaðeigandi sveitarstjórn að nokkru eða öllu leyti lagningu og viðhald þeirra gatna í borgum, kaupstöðum eða kaup-túnum, sem teljast þjóðvegir, samkv. reglugerð, sbr. 30. gr., svo og sýslunefndum að annast sýsluvegi á sama hátt.

Nú er heimild 1. mgr. notuð, og skal þá Vegagerð ríkisins hafa eftirlit með, að lagning og viðhald vega þeirra eða gatna, sem um er að ræða, sé framkvæmt á viðunandi hátt. Sé um vanrækslu að ræða að dómi Vegagerðar ríkisins, skal hún gefa sveitarstjórn fyrirmæli um að framkvæma nauðsynlegar umbætur innan hæfilegs frests.

III. KAFLI

Um vegáætlun.

10. gr.

Vegamálastjóri semur tillögur að vegáætlun fyrir þjóðvegi, aðalfjallvegi og aðra fjallvegi til fjögurra ára í senn til leiðbeiningar um skiptingu þess fjár, sem til ráðstöfunar er hverju sinni til vegagerðar. Skal áætlunin annars vegar gera grein fyrir þeim framkvæmdum, sem fyrirhugaðar eru á tímabilinu, en hins vegar þeirri fjáröflun, sem gert er ráð fyrir vegna þeirra.

11. gr.

Í vegáætlun skulu taldir allir þjóðvegir, svo og nýbyggingar þjóðvega á þeim tíma, sem áætluninni er ætlað að gilda. Enn fremur ætlaður kostnaður við vega-viðhald og annar kostnaður Vegagerðar ríkisins á sama tímabili.

Í vegáætlun um nýbyggingar skal vera sundurliðuð áætlun um heildarkostnað hvers mannvirkis, kostnað þess á öllu áætlunartímabilinu og á hverju ári þess.

12. gr.

Í vegáætlun skal þjóðvegum skipað í flokka eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir:

- Hraðbraut A: Vegur, þar sem innan 20 ára má búast við yfir 10 þúsund bifreiða umferð á dag yfir sumarmánuðina. Skal stefnt að fjórfaldri akbraut með varanlegu slitlagi.
- Hraðbraut B: Vegur, þar sem innan 10 ára má búast við 1000—10000 bifreiða umferð á dag yfir sumarmánuðina. Skal stefnt að tvöfaldri akbraut með varanlegu slitlagi.
- Þjóðbraut: Vegur, sem nær til 1000 íbúa svæðis. Skal stefnt að malarvegi með tvöfaldri akbraut.
- Landsbraut: Vegur, sem er minnst 2 km langur frá vegamótum og nær a. m. k. til þriggja býla, þannig að hann nái að þriðja býli frá vegarenda. Víkja skal frá þessari reglu, ef um er að ræða veg að kaupþúni. Sömuleiðis má þar, sem aðalfjallvegur liggur upp úr byggð, telja landsbraut að innsta býli.

13. gr.

Í reglugerð skulu settar reglur um gerð þjóðvega í hverjum flokki, svo sem um breidd vega, fjarlægð skurða og girðinga, burðarþol og önnur tæknileg efni.

14. gr.

Leggja skal fyrir sameinað Alþingi tillögu til þingsályktunar um vegáætlun samkv. 10. gr. samtímis frv. til fjárlaga. Sama gildir um tillögur til þingsályktunar um endurskoðun vegáætlunar, sbr. 15. gr.

Vegáætlun öðlast gildi, þegar Alþingi hefur samþykkt hana.

15. gr.

Í upphafi hvers reglulegs Alþingis skal ráðherra leggja fyrir þingið skýrslu um framkvæmd vegáætlunar.

Ráðherra skal hlutast til um, að endurskoðun áætlunarinnar fari fram á Alþingi á tveggja ára fresti.

16. gr.

Heimilt skal ráðherra að ákveða, að fengnum meðmælum vegamálastjóra, að ráðizt skuli í framkvæmdir, sem ekki er gert ráð fyrir í vegáætlun, ef til hefur komið tjón á vegum, t. d. vegna vatnavaxta, eldgosa eða annarra náttúruhamfara.

17. gr.

Vegamálastjóri semur í samráði við sýslunefndir framkvæmdaáætlun fyrir sýsluvegi, til fjögurra ára í senn, og skal sú áætlun endurskoðuð, er hún hefur gilt í tvö ár.

Sýsluvegaáætlun öðlast gildi, er sýslunefnd hefur samþykkt, og samgöngumálaráðherra staðfest hana.

18. gr.

Ákvæði þessa kafla gilda, eftir því sem við getur átt, um sýsluvegi.

IV. KAFLI

Um sýsluvegi.

19. gr.

Í hverri sýslu skal vera sýsluvegasjóður. Sýslunefndir gera samþykktir fyrir sýsluvegasjóði, og öðlast þær gildi, er ráðherra hefur staðfest þær.

Í sýsluvegasjóðssamþykkt skulu sýsluvegir taldir upp. Í tölu sýsluvega skulu vera:

- Vegir að öllum býlum, sem ekki hafa beint vegasamband við þjóðvegi.
- Vegir að kirkjustöðum, félagsheimilum, opinberum skólum og heilsuhælum.
- Vegir í þorpum með undir 300 íbúum.
- Heimilt er sýslunefnd að taka í tölu sýsluvega vegi að fullgerðum orkuverum, eyðibýlum, fjallskilaréttum og bryggjum.
- Heimilt er í sýsluvegaáætlun að veita fé til fjallvega, sem nauðsynlegir teljast vegna nýtingar afréttar- og beitilanda.

Í tölu sýsluvega samkvæmt a-lið þessarar greinar má ekki taka vegi, sem styttri eru en 200 m, og skal slíkur vegur aldrei teljast ná nær býli en 200 m, ef hann endar þar.

20. gr.

Kostnaður við lagningu og viðhald sýsluvega greiðist af fé sýsluvegasjóðs, sbr. þó 52. gr.

21. gr.

Hvert hreppsfélag greiðir árlega í sýsluvegasjóð sem samsvarar andvirði þriggja dagvinnustunda fyrir hvern íbúa, miðað við kaupgjald í almennri verkamannavinnu

hjá Vegagerð ríkisins 1. desember hið næsta ár, áður en gjaldið er lagt á. Ákveður sýslumaður gjald hvers hrepps og tilkynnir oddvita fyrir 1. marz. Skal það greitt í einu lagi úr sveitarsjóði, eigi síðar en á næsta manntalsþingi.

22. gr.

Hreppsnefnd jafnar þeirri upphæð, sem hreppi ber að greiða í sýsluvegasjóð samkvæmt 21. gr., niður eftir sömu reglum og öðrum útgjöldum hreppsins.

23. gr.

Nú á einhver fasteign í hreppi eða kaupúni, aðra en jörð í fastri ábúð eða jarðarhluta, en er þar þó ekki útsvarsskyldur eða greiðir þar ekki útsvar eftir sömu reglum og aðrir íbúar hreppsins, og skal hann þá greiða vegaskatt af eign sinni í sýsluvegasjóð. Skattur þessi greiðist á manntalsþingi.

Vegaskattur skal nema 6 af þúsundi af virðingarverði mannvirkja, en 12 af þúsundi af virðingarverði landa og lóða, hvort tveggja miðað við fasteignamat.

Gjald þetta hefur lögtaksrétt.

24. gr.

Undanskildar vegaskatti samkvæmt 23. gr. eru allar kirkjur, skólahús, sjúkrahús, þinghús, félagshemili og vitar. Ráðherra er heimilt, eftir tillögum sýslunefndar, að ákveða, að eyjar, sem eru sjálfstæð hreppsfélög, greiði ekki framlag til sýsluvegasjóðs, enda annist hreppsfélagið sjálft um vegakerfi sitt að öllu leyti.

25. gr.

Nú gerir sýsluvegaáætlun ekki ráð fyrir framkvæmdum eða innstæða í sýsluvegasjóði nægir til framkvæmda og viðhalds næsta ár, að dómi sýslunefndar, og skulu þá tekjur sýsluvegasjóðs það ár renna til þjóðvega í viðkomandi sýslu, eftir ákvörðun sýslunefndar.

26. gr.

Í kaupúnum, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, skal helmingur sýsluvegasjóðsgjalda renna í sveitarsjóð, ef hreppsfélagið ver til vega- eða gatnagerðar innan hrepps á því ári a. m. k. jafnmiklu fé úr sveitarsjóði.

27. gr.

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs. Skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþykktar, og gilda þar um sömu reglur sem um sýslusjóðsreikninginn. Sýslunefnd semur tillögur um sýsluvegaáætlun samkvæmt ákvörðun 17. gr. Sýslunefnd semur einnig árlega áætlun um tekjur sýsluvegasjóðs yfirstandandi ár, svo og áætlun um útgjöld sýsluvegasjóðs, með hliðsjón af staðfestri sýsluvegaáætlun.

Framangreindar áætlanir, svo og reikning sýsluvegasjóðs, skal oddviti sýslunefndar senda vegamálastjóra að loknum sýslufundi.

28. gr.

Af tekjum vegamála skv. XIV. kafla laga þessara skal árlega veita til sýsluvega upphæð, sem sé eigi lægri en tvöföld heildarupphæð innheimtra sýsluvegasjóðsgjalda um allt land næsta ár á undan því ári, er fjárlög eru samin.

Vegamálastjóri annast skiptingu á framlagi ríkissjóðs samkv. 1. mgr. eftir reglugerð, sem ráðherra setur. Skal framlag til sýslu aldrei vera lægra en helmingur þess, er hún lagði til sýsluvegasjóðs það ár, sem ríkisframlagið miðast við. Að öðru leyti skal við skiptingu ríkisframlags aðallega miða við notkun og lengd

þeirra sýsluvega í hverri sýslu, sem falla undir a—c-lið 19. gr., en jafnframt skal þó höfð hliðsjón af því, hve mikill hluti þeirra vega er lagður, ruddur eða ekki akfær.

V. KAFLI

Um þjóðvegi í kaupstöðum og kaupúnum.

29. gr.

Í kaupstöðum skulu götur og vegir lagðir þar sem ákveðið er í skipulagsuppdrætti. Í kaupúnum gildir sama, ef skipulagsuppdráttur hefur verið gerður, ella ákveður hreppsnend, hvar götur og vegir skuli liggja innan kaupúnsins.

Sveitarstjórn ákveður um gerð gatna og vega.

30. gr.

Ráðherra ákveður með reglugerð, að fengnum tillögum vegamálastjóra, að svo miklu leyti sem vegáætlun mælir ekki fyrir um, hvaða vegir í kaupstöðum og kaupúnum, sem hafa 300 íbúa eða fleiri, skuli teljast þjóðvegir. Við samningu tilagna sinna skal vegamálastjóri leita álits hlutaðeigandi sveitarstjórnar og skipulagsnefndar ríkisins.

Við ákvörðun á því, hvaða vegir skuli teljast þjóðvegir samkvæmt þessum kafla, skal miðað við eftirfarandi:

- 1) Eðlilegt samhengi vegakerfisins sé ekki rofið.
- 2) Um sé að ræða helztu umferðarleið um viðkomandi byggðarlag, sé um margar leiðir að velja.
- 3) Greið leið fáist að þeim stöðum byggðarlagsins, sem mikilvægastir eru fyrir at-hafnalíf staðarins, ef vegurinn endar þar.

31. gr.

Áður en vegagerð hefst, skal sveitarstjórn láta gera tæknilega og fjárhagslega áætlun um verkið, og er hún háð samþykki vegamálastjóra.

32. gr.

Árlega skal veita ákveðna fjárhæð til lagningar þjóðvega í kaupstöðum og kaupúnum, sem hafa 300 íbúa eða fleiri, og skal skipting fjárens fara eftir íbúa-fjölda. Skal árlegt framlag vera $12\frac{1}{2}$ af hundraði af heildartekjum vegamála það ár samkv. XIV. kafla laga þessara. Ráðherra er þó heimilt að undanskilja tekjur vegamála, sem varið er til framkvæmda við hraðbrautir.

Nú hefur verið ákveðið í reglugerð, hvaða götur teljist þjóðvegir innan kaupstaða eða kaupúna, og skal þá hluta viðkomandi sveitarfélags samkv. 1. mgr. ein-göngu varið til lagningar þeirra og viðhalds.

Greiða má af hluta sveitarfélags kostnað vegna kaupa á fasteignum í þágu þjóð-vegar samkv. þessum kafla laganna.

Kostnað við holræsi, færslur á leiðslum, gangstéttir, umferðarljós, götulýsingu og því um líkt greiðir hlutaðeigandi sveitarfélag.

Þegar lagningu vega samkv. 2. mgr. er lokið að dómi vegamálastjóra, skal sveitarstjórn verja sínum hluta fjárframlags samkv. 1. mgr., að frádregnum við-haldskostnaði þjóðveganna, til annarrar varanlegrar gatnagerðar.

33. gr.

Vegagerð ríkisins litur eftir viðhaldi þjóðvega samkvæmt þessum kafla.

Nú telur vegagerðin, að viðhald þjóðvegar sé vanrækt, og ekki fæst úr því bætt, og getur þá vegagerðin látið framkvæma nauðsynlegt viðhald, sem kostað skal af ríkisframlagi til byggðarlagsins.

34. gr.

Af heildarframlagi því, sem veitt er til lagningar þjóðvega í kaupstöðum og kaupþúnum samkv. 32. gr., skal árlega halda eftir 10 af hundraði, og skal því fé ráðstafað eftir tillögu vegamálastjóra til að flýta framkvæmdum þar sem sérstök ástæða þykir til að ljúka ákveðnum áfangum, eða til að stuðla að hagkvæmari vinnubrögðum.

35. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um eftirlit með því, að fé því, sem sveitarfélögum er veitt samkv. 32. gr., sé varið á þann hátt, sem löggin gera ráð fyrir.

36. gr.

Kostnaður við vegagerð og vegaviðhald, annarra vega en þjóðvega, í kaupstöðum, greiðist úr bæjarsjóði, en í kaupþúnum, sem eru hreppsfélög út af fyrir sig, úr sveitarsjóði.

VI. KAFLI

Um einkavegi.

37. gr.

Einkavegir eru þeir vegir, sem ekki teljast þjóðvegir, sýsluvegir eða fjallvegir, liggja utan skipulagsskyldra svæða og eru kostaðir af einstaklingum, fyrirtækjum eða opinberum aðilum.

38. gr.

Ráðherra getur, að fengnum tillögum vegamálastjóra, heimilað eignarnám lands til lagningar tiltekinna einkavega, enda komi fullar bætur fyrir. Bætur skulu ákveðnar samkvæmt reglum X. kafla.

Ráðherra getur bundið eignarnámsheimild fyrir einkavegi samkv. 1. mgr. viss-um skilyrðum, svo sem um gerð og frágang vegarins, umferðarrétt um hann, viðhald og tengingar við opinbera vegi.

39. gr.

Ríkissjóður ábyrgist greiðslu bóta samkv. 38. gr., en getur krafist þann, sem bætur á að greiða, um tryggingar, sem gildar eru metnar, þar á meðal fyrir matskostnaði.

40. gr.

Þegar einkavegur er notaður sem umferðarleið að fleiri eignum en einni, eru allir eigendurnir skyldir að halda veginum við, í hlutfalli við not þeirra af honum. Ákvæði þetta breytir í engu áunnum réttindum eða ákvörðunum um viðhald vegarins. Viðhaldsskyldu geta eigendur uppfyllt með því að láta í té efni eða vinnu eða með fjárframlögum.

Það er hér hefur verið ákveðið um viðhald einkavega, skal við sömu aðstæður gilda um endurbætur og endurbyggingu vegar.

41. gr.

Nú verða þeir, sem einkaveg nota, ekki á eitt sáttir um, hverjir hafi rétt til nota af veginum eða um greiðslu viðhaldskostnaðar, og getur þá hver þeirra krafist mats samkvæmt reglum 60. gr.

Þegar $\frac{2}{3}$ þeirra, sem afnotarétt hafa af veginum, eru sammála um, hvernig mæta skuli sameiginlegum útgjöldum, eru þær ákvarðanir bindandi fyrir hina, þar á meðal að kostnaður skuli að einhverju eða öllu leyti greiðast af umferðargjaldi.

Þegar skipting kostnaðar hefur verið ákveðin með samkomulagi eða mati, getur endurskoðun ekki farið fram, fyrr en liðin eru 5 ár frá síðustu ákvörðun, nema réttihafar séu sammála um annað.

Útgjöldum, sem einn eða fleiri réttihafar hafa haft af viðhaldi og ekki hefur verið skipt, er ekki hægt að krefjast skipt með matsgjörð, eftir að liðin eru 3 ár frá því að stofnað var til þeirra.

42. gr.

Meiri hluti réttihafa getur ákveðið, að réttihafar velji stjórn eða eftirlitsmann með veginum, til þriggja ára í senn.

Stjórn vegarins eða eftirlitsmaður skal sjá um, að viðhaldsskyldu sé fullnægt, eins og til er tekið í mati eða samkomulagi, og sker úr ágreiningi í því sambandi.

Stjórn eða eftirlitsmaður getur bannað umferð um veginn til að forða veginum frá skemmdum. Vanræki einhver, sem til þess er skyldur, að halda veginum við að sínum hluta, getur stjórnin látið framkvæma viðhald á hans kostnað.

43. gr.

Einkavegir, sem opnir eru fyrir almenna umferð, eru háðir eftirliti Vegagerðar ríkisins, bæði að því er varðar gerð og viðhald. Virðist vegagerðinni vegi áfátt í því efni, þannig að hætta geti stafað af, skal tafarlaust tilkynna það viðkomandi lögreglustjóra og gera tillögur til úrbóta. Lögreglustjóri getur skyldað eiganda að framkvæma úrbætur og stöðvað vegagerð eða bannað umferð um veginn, þar til bót hefur verið á ráðin.

VII. KAFLI

Um fjallvegi, ferjuhald, sæluhús o. fl.

44. gr.

Fjallvegir eru þeir vegir yfir fjöll og heiðar, sem vegamálastjóri ákveður og eigi teljast til neins annars vegaflokks.

Fjallvegir, sem tengja saman landshluta, nefnast aðalfjallvegir og skulu taldir sérstaklega í vegáætlun samkv. 10. gr.

45. gr.

Kostnaður við fjallvegi greiðist úr ríkissjóði, samkvæmt vegáætlun.

46. gr.

Vegagerð ríkisins skal aðstoða nýbýlastjórn við lagningu nýbýlavega og samtök hestamanna við gerð reiðvega, enda sé kostnaður greiddur af sérstakri fjárveitingu í fjárlögum, samkv. vegáætlun eða á annan hátt.

47. gr.

Kostnað við bifreiðaferjur til flutnings yfir vötn eða firði og við lendingarbætur og bryggjur í sambandi við þær er heimilt að greiða úr ríkissjóði og telja með öðrum kostnaði vegamála.

48. gr.

Lögferjuskylda skal vera hin sama og nú er. Sýslunefndir hafa eftirlit með því, hver í sinni sýslu, að lögferjumenn haldi lögferjum vel við og gæti skyldu sinnar að öðru leyti, eftir nánari reglum, sem sýslunefnd setur á hverjum stað.

Ekki má sýslunefnd hækka lögferjugjöld né afnema lögferju, nema með samþykki vegamálastjóra.

Nú samþykkir sýslunefnd að lækka lögferjugjöld, en lögferjumaður vill ekki hlíta samþykkt sýslunefndar, og skal þá málinu skotið til úrskurðar vegamála-stjóra.

49. gr.

Nú vill sýslunefnd setja lögferju þar sem ekki var lögferja áður, og skulu þá taka við henni landeigandi og ábúandi, en geta krafizt þess, að ferjan sé lögð þeim til í upphafi. Ferjugjöld skulu, ef samkomulag næst ekki, ákveðin af óvilhóllum, dómkvóddum mönnum.

50. gr.

Nú verða ábúendaskipti á býli því, er lögferja fylgir, og má viðtakandi þá krefjast þess, að honum sé metið álag á ferjuna.

51. gr.

Sæluhús skal gera á fjallvegum og annars staðar þar, er þurfa þykir, og telst kostnaður við byggingu þeirra með vegagerðarkostnaði, en kostnaður við viðhald þeirra og rekstur með viðhaldskostnaði.

VIII. KAFLI

Um greiðslu brúargerðarkostnaðar á sýslu-, einka- og fjallvegum.

52. gr.

Kostnaður við brýr á sýsluvegum greiðist þannig:

- 1) Kostnaður við brýr styttri en 4 m telst með vegagerðarkostnaði.
- 2) Kostnað við brýr yfir 4—10 m haf má greiða úr ríkissjóði að $\frac{1}{4}$ hluta og úr sýsluvegasjóði að $\frac{3}{4}$ hlutum.
- 3) Kostnað við brýr yfir 10 m haf eða lengra má greiða að fullu úr ríkissjóði.
- 4) Kostnað við viðhald brúa á sýsluvegum skal telja með viðhaldskostnaði sýsluvega.

53. gr.

Kostnað við brýr á einkavegum yfir 4 m haf og lengra má greiða allt að hálfu úr ríkissjóði, gegn framlagi frá hlutaðeigendum að öðru leyti.

54. gr.

Kostnað við brýr á fjallvegum má greiða að öllu leyti úr ríkissjóði.

IX. KAFLI

Um bráðabirgðaafnot lands.

55. gr.

Vegagerð ríkisins er heimilt að framkvæma rannsóknir og byrjunarathuganir, sem nauðsynlegar eru við undirbúning vegagerðar, á hvaða landi sem er. Merki, hæla, vörður eða því líkt, sem vegagerðin hefur sett til að marka mælda veglínu, má ekki nema burt án leyfis hennar. Leit að efni til vegagerðar má vegagerðin gera hvar sem vera skal.

56. gr.

Vegagerð ríkisins eru heimil afnot lands fyrir geymslu efnis og fyrir bæki-stöðvar vinnuflokka við lagningu eða viðhald vegar.

57. gr.

Skylt er landeiganda að leyfa, að vatni, sem veita þarf frá vegi, sé gerð framrás um land hans.

Til framkvæmdar vetrarviðhaldi má vegagerðin ryðja snjó af vegi út fyrir veginn, ef með þarf.

58. gr.

Um bætur fyrir bráðabirgðaafnot lands fer eftir ákvæðum X. kafla, eftir því sem við á.

X. KAFLI

Um eignarnám, jarðrask, átroðning o. fl.

59. gr.

Hver landeigandi er skyldur til að láta af hendi land það, er þarf undir vegi eða til breytingar eða breikkunar eða viðhalds vegum, svo og leyfa, að efni til vega sé tekið í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, enda komi fullar bætur fyrir. Bætur fyrir jarðrask og eignarnám á óyrktu landi skulu því aðeins greiddar, að þeirra sé krafizt og álitid verði, að landeigandi hafi beðið skaða við það.

Bætur fyrir jarðrask og eignarnám vegna vegar teljast með kostnaði vegarins.

Veghaldari skal jafnan leitast við að valda sem minnstum spjöllum á gróðri við vegagerð og græða upp sár, sem myndast á grónu landi við vegaf framkvæmdir.

60. gr.

Bætur fyrir eignarnám, jarðrask og átroðning þann, er nýr vegur kann að hafa í för með sér, má ákveða eftir samkomulagi milli landeiganda og umboðsmanns þeirra, sem bætur eiga að greiða. Nú næst ekki samkomulag, og skal þá ákveða bætur með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðilum. Kostnað við matið greiðir landeigandi, ef upphæð sú, er honum er metin, er nær því, sem honum hefur verið boðið, en því, sem hann hefur krafizt, ella telst kostnaðurinn við matið með skaðabótakostnaðinum.

Nú vill annar hvor málsaðili eigi una mati, og getur hann þá krafizt yfirmats, en gera skal hann það innan mánaðar frá því matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af þremur dómkvöddum mönnum.

61. gr.

Mat skal fara fram á vettvangi, þá er jörð er snjólaus. Við matið skal taka tillit til árlegs afrakstrar af landi því, er um ræðir, svo og til þess, hvort girðingar þurfi að flytja eða nýjar að setja, og athuga vandlega allt það, er getur haft áhrif á verðmæti þess, er meta skal. Sérstaklega skal taka tillit til þess, ef ætla má, að land hækki í verði við vegagerðina. Nú leggst eldri stigur eða vegur niður við lagningu nýs vegar og fellur til landeiganda, og skal þá við matsgerðina meta sérstaklega hið gamla vegarstæði eða götulroðninga og draga frá upphæð þeirri, er landeiganda er metin fyrir eignarnám lands fyrir hinn nýja veg eða jarðrask, er leiðir af lagningu hans. Bætur fyrir átroðning skal eigi meta í slíkum tilfellum, nema sannað verði, að meiri átroðningur stafi af hinum nýja vegi en af hinum eldri vegi eða stíg.

62. gr.

Landeigandi á bætur allar fyrir eignarnám, jarðrask og átroðning, en sé jörð leigð öðrum, greiði landeigandi honum 5 af hundraði árlega af skaðabótaupphæð-

inni, meðan leigusamningur sá er í gildi, sem var, þegar bæturnar voru ákveðnar. Ábúandi á þó bætur fyrir skemmdir á mannvirkjum þeim, sem eru hans eign, og skal meta þær sérstaklega.

63. gr.

Skaðabóta, er af vegagerð eða vegaviðhaldi leiðir, skal krefjast innan árs frá því er verk það var unnið, sem skaðanum olli, ella fellur réttur til skaðabóta niður.

XI. KAFLI

Um viðhald og reglur fyrir umferð á opinberum vegum.

64. gr.

Þegar vegur er fullgerður eða almenn umferð hefur verið leyfð um hann, skal honum haldið við, eftir því, sem aðstæður leyfa, þannig að hann gegni sem **bezt** hlutverki sínu.

65. gr.

Vegagerðin skal, svo fljótt sem við verður komið, eftir að hún hefur fengið vitneskju um vegaskemmdir, sem hættulegar eru umferð, láta gera við þær eða merkja hina hættulegu staði, þar til viðgerð hefur farið fram.

Vegagerð ríkisins er ekki ábyrg fyrir tjóni, sem hljófast kann af slysum á opinberum vegum, nema um sé að ræða stórkostlegt gáleysi af hendi starfsmanna hennar og sannað sé, að slysi hefði ekki orðið afstýrt, þótt ökumaður hefði sýnt ýtrustu varkárni.

66. gr.

Nú þykir ástæða til að halda vegi akfærum með snjómokstri, og skal þá telja þann kostnað með öðru viðhaldi vegarins. Heimilt er vegamálastjóra að binda slíkt vetrarviðhald því skilyrði, að allur slíkur kostnaður eða nokkur hluti hans verði endurgreiddur með framlagi úr héraði, sé um þjóðveg að ræða. Sömu heimild hefur sýslunefnd, að því er sýsluvegi snertir.

67. gr.

Vegamálastjóri getur sett þær reglur fyrir umferð, sem nauðsynlegar eru, til þess að girða fyrir skemmdir á vegum eða til þess að greiða fyrir umferð, svo sem um hámarksþunga bifreiða, er fara mega um ákveðna vegarkafla.

Vegamálastjóri getur enn fremur bannað umferð ökutækja þann tíma árs, sem hættast er við skemmdum á vegum. Einnig getur vegamálastjóri bannað alla umferð ökutækja um vegi, sem hættulegir eru vegna skemmda eða af öðrum slíkum orsökum, þar til viðgerð er lokið.

XII. KAFLI

Um öryggi vega o. fl.

68. gr.

Heimilt er vegamálastjóra að banna, að hús verði reist eða önnur mannvirki gerð innan marka fyrirhugaðs vegar, sem mælt hefur verið fyrir og markað. Má slíkt bann vera í gildi í allt að 3 árum hverju sinni.

69. gr.

Byggingar, leiðslur eða önnur mannvirki, föst eða laus, má ekki staðsetja, nema leyfi vegamálastjóra komi til, nær vegi en 15 m frá miðlinu landsbrauta, 20 m frá miðlinu þjóðbrauta og 30 m frá miðlinu hraðbrauta. Verði ágreiningur um, hvar

miðlína vegar muni verða, sker vegamálastjóri úr. Þar sem þjóðvegur liggur um skipulagt svæði, skal fjarlægð bygginga frá vegi ákveðin í samræmi við skipulag.

Vörupalla eða vöruskýli vegna mjólkurflutninga skal heimilt að setja nær vegi en um getur í 1. mgr., þó ekki nær en svo, að bifreið geti staðnæmzt við skýlið utan akbrautar.

Loftlínur má ekki strengja yfir veg, nema lægsti hluti línu sé a. m. k. 5 metra frá yfirborði vegar.

70. gr.

Vegamálastjóri getur ákveðið, að fjarlægð mannvirkja frá vegi, samkvæmt 69. gr., skuli aukin. Enn fremur getur vegamálastjóri leyft, að fjarlægð verði minnkuð á tilteknum köflum, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, enda sé ekki um varanleg mannvirki að ræða, en slík leyfi eru þó ætíð afturkallanleg.

71. gr.

Óheimilt er að reisa mannvirki, nema með leyfi vegamálastjóra, við vegamót á svæði, sem takmarkast af beinum línun milli punkta á miðlínu vega 40 m frá skurðpunkti þeirra. Vegamálastjóri getur, ef sérstaklega stendur á, fært út mörk þessi, allt að 150 m.

72. gr.

Óheimilt er að grafa framræsluskurði nær vegi en 15 m frá vegmiðju landsbrautar eða þjóðbrautar og 30 m frá miðju hraðbrautar. Einnig er óheimilt að leggja uppgröft úr skurðum að vegi, nema að fengnu leyfi vegagerðarinnar.

73. gr.

Óheimilt er að gera skurði eða önnur mannvirki, sem aukið geta vatnsrennsli í vegskurðum, án leyfis vegagerðarinnar. Enn fremur er óheimilt að leiða holræsi úr íbúðarhúsum, verksmiðjum eða þess háttar í vegskurði. Bannað er og að kasta sorpi eða hvers konar úrgangi á vegi, í vegskurði eða svo nærri vegum, að til lýta sé eða óþæginda.

74. gr.

Girðingar má ekki setja nær vegi en ákveðið er í reglugerð samkvæmt 13. gr. laga þessara.

75. gr.

Um grjótgarða, torfgarða og skíðgarða gilda ákvæði 69. gr.

76. gr.

Enginn má gera girðingu yfir veg með hliði á veginum án leyfis vegamálastjóra, nema um einkaveg sé að ræða. Sama bann gildir þar sem mælt og markað hefur verið fyrir vegi, enda hafi vegamálastjóri tilkynnt jarðarabúanda, hvar mælt hefur verið.

77. gr.

Nú er leyft að gera girðingu yfir veg með hliði á veginum, og skal þá grind vera í hliðinu, að minnsta kosti 4 metrar á breidd, þannig gerð, að hún haldist opin af sjálfu sér, meðan ekið er um hliðið. Skyllt er vegfarendum að loka hliðinu á eftir sér.

Vegamálastjóra er heimilt að afturkalla með eins árs fyrirvara gefið leyfi til þess að gera girðingu yfir veg með hliði á veginum.

78. gr.

Skyllt er að halda við girðingum, svo að aldrei geti þær hindrað eða bargað umferð um veginn. Þyki þessa ekki gætt, er vegagerðinni heimilt að framkvæma viðgerð á kostnað þess, sem að réttu ber að halda girðingunni við.

Vegagerðinni er heimilt að flytja girðingar og fjarlægja tré og annan gróður, ef nauðsyn ber til af öryggisástæðum eða til framkvæmdar viðhaldi, svo sem snjó-mokstri.

79. gr.

Nú liggur vegur, stígur eða götutroðningur yfir land manns og telst eigi til neins vegflokks, og er landeiganda þá heimilt að gera girðingu yfir þann veg, með hliði á veginum, en eigi má hann læsa hliðinu né með öðru móti hindra umferð um þann veg, nema sveitarstjórn leyfi.

Ákvörðun sveitarstjórnar, samkv. 1. mgr., má leggja undir úrskurð vegamála-stjóra.

80. gr.

Nú er lagður vegur gegnum land manns, og á hann þá rétt á að fá óhindraðan aðgang að veginum, a. m. k. á einum stað frá landareign sinni. Skal í því skyni gera fláa í veginn, ef hann er upphleyptur eða niðurgrafinn, og skal hallinn á fláanum eigi meiri en 1:8, svo og brú á skurðinn, ef nokkur er fram með veginum, að minnsta kosti 3 metra breiða. Landeigandi skal birta vegagerðinni kröfu sína í þessu efni, áður en vegurinn er fullgerður á þeim stað, sem hann vill hafa aðgang að, og skal að-gangur gerður þar eða svo nálægt, sem kostur er á. Telst kostnaður við það verk með öðrum vegagerðarkostnaði.

Nú birtir landeigandi vegagerðinni eigi kröfu sína um aðgang að veginum í tæka tíð, og skal hann þá gera aðganginn á sinn kostnað, svo og ef hann vill hafa aðgang frá fleiri stöðum í landi sínu en þeim eina, sbr. þó 81. gr.

Ákvæði þessarar greinar gilda þó ekki um hraðbrautir.

81. gr.

Óheimilt er að tengja einkavegi þjóðvegum, nema leyfi vegamálastjóra komi til.

XIII. KAFLI

Um skemmdir á mannvirkjum o. fl.

82. gr.

Enginn má stífla skurði meðfram vegi eða ræsi gegnum veg eða gera neitt það, er hindrað getur eða aukið eðlilegt vatnsrennsli gegnum veg eða frá vegi, eða veita vatni á veg.

83. gr.

Enginn má skemma nein mannvirki, sem til vegarins teljast, svo sem brýr, ferjur, háskamerki eða önnur leiðbeiningarmerki, vörður eða sæluhús.

Skemmist eitthvert slíkt mannvirki við árekstur bifreiðar, er bifreiðarstjóra skylt að tilkynna það þegar vegamálastjóra eða umsjónarmanni vegarins eða lög-reglustjóra. Skal sá, er valdið hefur árekstrinum, skyldur að bæta áorðnar skemmdir.

84. gr.

Hver sá, sem notar sæluhús, skal ganga þriflega um það, fara gætilega með eld, eldfæri og önnur tæki, er þar kunna að vera, ganga frá hverju á sínum stað og loka dyrum, svo að ekki nái að fenna inn. Skylt er hverjum, sem verður var við, að brotið hafi verið á móti þessu, að tilkynna það tafarlaust umsjónarmanni sæluhússins eða lögreglustjóra.

XIV. KAFLI

Um fjáröflun til vega- og gatnagerðar o. fl.

85. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald af benzíni, og skal gjaldið nema kr. 5.67 af hverjum lítra. Gjald þetta tekur einnig til benzínbirgða, sem til eru í landinu, þá er lög þessi öðlast gildi, sbr. þó 92. gr.

86. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald af hjólbörðum, notuðum og nýjum, og gúmmíslöngum á bifreiðar og bifhjól, og skal gjaldið nema kr. 36.00 af hverju kg. Gjald þetta tekur einnig til hjólbarða og gúmmíslangna, sem fylgja bifreiðum, sem fluttar eru til landsins.

Sama gjald skal greitt af birgðum af þessum vörum, sem til eru í landinu, er lög þessi öðlast gildi, eftir reglum 92. gr.

87. gr.

Árlega skal greiða þungaskatt sem hér segir:

- a. Af bifreiðum, sem nota benzín að eldsneyti, kr. 72.00 af hverjum 100 kg af eigin þunga þeirra.
- b. Af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín: Fyrir bifreiðar allt að 2000 kg að eigin þunga greiðast kr. 14 500.00.

Fyrir bifreiðar 2001 kg og þyngri greiðast kr. 14 500.00 og auk þess kr. 500.00 fyrir hver full 100 kg umfram 2000 kg.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð, að öikumælar skuli á kostnað eigenda settir í bifreiðar, sem nota annað eldsneyti en benzín og eru 5 tonn eða meira að eigin þyngd, og að greiða skuli fyrir slíkar bifreiðar í stað árlegs þungaskatts sérstakt gjald fyrir hvern ekinn kílómetra samkvæmt öikumæli.

Í reglugerð er ráðherra enn fremur heimilt að ákveða tvo gjalddaga árlega fyrir þungaskatt og allt að fjóra gjalddaga árlega fyrir kílómetragjald, svo og kveða á um tegundir mæla, ísetningu þeirra, viðgerðir, viðurlög og refsingar fyrir brot gegn reglugerðinni.

- c. Af bifhjólum kr. 200.00.

Verði ágreiningur um gerð bifreiðar, sker fjármálaráðherra úr.

88. gr.

Undanþegnar gjaldi samkvæmt 87. gr. eru eftirtaldar bifreiðar:

- a. Skólabifreiðar.
- b. Bifreiðar erlendra sendisveita og erlendra ræðismanna, ef þeir eru eigi íslenzkir ríkisborgarar.
- c. Slökkvibifreiðar.
- d. Sjúkrabifreiðar.
- e. Snjóbifreiðar.
- f. Vagnar, sem renna á spori.

Eigendur jeppabifreiða eiga rétt á endurgreiðslu skatts samkv. a- og b-liðum 87. gr., ef þeir sanna með vottorðum frá hlutaðeigandi skattstjóra eða umboðsmanni hans, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð, er fjármálaráðherra setur, að bifreiðarnar hafi verið notaðar næstliðið ár að mestu eða öllu leyti við framleiðslu- og jarðyrkjustörf.

89. gr.

Til greiðslu kostnaðar samkvæmt lögum þessum skal, auk þeirra gjalda, sem um getur í 85—87. gr., veita árlega sérstakt framlag á fjárlögum.

90. gr.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um innheimtu gjalda samkvæmt 85—87. gr.

Heimilt er að ákveða með reglugerð, að innflytjendur fái gjaldfrest á greiðslu innflutningsgjalds af benzíni, er miðist við sölu birgða.

91. gr.

Gjalddagi skatts þess, sem um ræðir í 87. gr., er 1. janúar árlega, en eindagi 1. apríl, þó 15. maí árið 1964 og skal skatturinn innheimtast fyrir hvert ár þar sem bifreið er skrásett. Skattskyldan telst frá afhendingu skrásetningarmarkis, ef um nýskrásetta bifreið er að ræða, en ella frá 1. janúar það ár, sem skattur er greiddur, og gildir það einnig um árið 1964. Skatturinn telst fyrir heila mánuði, þannig að 15 dagar eða meira telst heill mánuður, en minna broti skal sleppt. Lækka skal eða endurgreiða skatt samkvæmt 87. gr., að rétttri tiltölu, ef skattskyld bifreið hefur ónýtt eða skrásetningarmarki bifreiðar er afhent lögreglustjóra í skrásetningarmarkum hennar til geymslu um tíma, þó aldrei skemur en 3 mánuði, en sleppa skal broti úr mánuði, þannig að meira en hálfur mánuður reiknast sem heill mánuður, en hálfum mánuði eða minna broti skal sleppt. Kröfur um endurgreiðslu samkvæmt framansögðu skulu bornar fram fyrir 1. október næsta skattár, ella fellur endurgreiðsluréttur niður. Ef um disilbifreið er að ræða, nægir þó, að skrásetningarmarkið sé til geymslu hjá lögreglustjóra í 30 daga samfellt.

Greiðsluskyldan hvílir á þeim, sem skráður er eigandi bifreiðarinnar í ársbyrjun, svo og þeim, sem síðar á skattárinu kunna að verða eigendur hennar.

Við aðalskoðun bifreiðar ár hvert skal eigandi hennar eða umráðamaður færa sönnur á, að greiddur hafi verið af henni þungaskattur fyrir yfirstandandi skattár, svo og skoðunargjald og váttryggingargjald ökumanns. Að öðrum kosti skal skoðunarmaður neita um skoðun á henni, taka af henni skrásetningarmarki hennar og afhenda þau lögreglustjóra, en lögreglustjóri skal ekki afhenda þau aftur, fyrr en færðar hafa verið sönnur á greiðslu fyrrnefndra gjalda.

Skráning og/eða umskráning bifreiðar skal ekki fara fram, nema framangreind gjöld af bifreiðinni séu greidd til næstu áramóta.

Sé ekki komið með bifreið til skoðunar eða gjöld af henni ekki greidd á réttum gjalddaga, skal lögreglustjóri eftir kröfu skattheimtumanns eða skoðunarmanns stöðva bifreiðina, hvar sem hún hittist, og taka merki hennar til geymslu, svo sem að framan segir.

Bifreiðaskattur, skoðunargjald af bifreiðum og váttryggingargjald ökumanns hafa lögtaksrétt, og skal bifreiðin vera að veði fyrir gjöldum þessum, og skal það veð ganga fyrir öðrum veðum.

92. gr.

Sama gjald af benzíni og segir í 85. gr. skal greiða af öllum benzinbirgðum innflytjenda, sem til eru í landinu, þá er lög þessi ganga í gildi, sömuleiðis af birgðum einstakra manna eða félaga. Þó skulu gjaldfrjálsir 300 lítrar hjá hverjum eiganda.

Gjaldið skal greiða, hvort heldur benzínið er í vörzlu eiganda sjálfs eða ekki.

Hver sá, er á eða hefur umráð yfir 300 lítrum af benzíni eða meiru þann dag, er lög þessi ganga í gildi, skal skyldur að tilkynna það innheimtumanni innan 10 daga. Skal hann skyldur að aðstoða við að kanna birgðir hans og mæla, ef til kemur.

Sama gjald af hjólbörðum og gúmmíslöngum á bifreiðar og segir í 86. gr. skulu innflytjendur og heildverzlanir greiða af öllum birgðum sínum, þá er lög þessi ganga í gildi.

Innheimtumaður getur krafizt upplýsinga hjá benzíninnflytjendum og benzín-sölum um sölu samkvæmt verzlunarbókum til viðskiptamanna, áður en lög þessi ganga í gildi.

93. gr.

Innheimtu gjaldsins annast lögreglustjórar, en í Reykjavík tollstjóri, og fer um reikningsskil eftir því, sem fjármálaráðuneytið skipar fyrir.

94. gr.

Fjármálaráðuneytið getur með reglugerð sett ákvæði um endurgreiðslu á inn-flutningsgjaldi af benzíni, er sönnur eru færðar á, að það hafi ekki verið notað eða verði ekki notað til bifreiða. Má í reglugerðinni setja ákvæði, er takmarki endur-greiðslu við ársnotkun, er nemi að minnsta kosti 250 lítrum hjá hverjum notanda, svo og aðrar takmarkanir, er nauðsynlegar þykja til að tryggja, að heimildin til endurgreiðslu gjaldsins nái réttum tilgangi.

95. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð, að greiða skuli sérstakt um-ferðargjald af bifreiðum, sem fara um tiltekna vegi eða brýr.

96. gr.

Tekjum samkvæmt lögum þessum skal varið til vega- og gatnagerðar, að frá-dregnum hálfum hundraðshluta, er varið skal til rannsóknna og tilrauna við vega- og gatnagerð undir stjórn vegamálastjóra.

XV. KAFLI

Um sektir fyrir brot gegn lögum þessum.

97. gr.

Brot gegn lögum þessum og þeim reglugerðum og ákvæðum, sem sett verða samkvæmt lögnum, varða sektum allt að 100 þúsund krónum, nema þyngri hegning liggja við að lögum. Bæta skal einnig á kostnað hins seka tjón það, sem hann hefur unnið.

98. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

XVI. KAFLI

Niðurlagsákvæði.

99. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin eftirtalin lög: Vegalög, nr. 34 22. apríl 1947, með síðari breytingum, nr. 92 22. nóvember 1950, nr. 116 29. desember 1951 og nr. 36 14. maí 1955; brúalög, nr. 37 14. apríl 1954, og lög um samþykktir um sýsluvegasjóði, nr. 102 19. júní 1933, með áorðnum breytingum nr. 50 17. maí 1947 og nr. 37 23. maí 1959; lög um Austurveg, nr. 32 23. apríl 1946, l. nr. 68 25. maí

1949, um bifreiðaskatt o. fl., með áorðnum breytingum, nr. 65 5. desember 1958 og 17. gr. l. nr. 4 20. febrúar 1960, svo og önnur lagaákvæði, sem fara í bága við lög þessi.

100. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. apríl 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

um æskulýðsmál.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Tilgangur þessara laga er að setja reglur um opinberan stuðning við æskulýðsstarfsemi.

Þeir aðilar, sem njóta skulu stuðnings samkvæmt lögum þessum, eru:

1. Félög, er vinna að æskulýðsmálum á frjálsum áhugamannagrundvelli, enda byggist félagsstarfsemin fyrst og fremst á sjálfböðastarfi og eigin fjárframlögum félagsmanna.
2. Aðrir aðilar, er sinna einkum velferðarmálum ófélagsbundins æskufólks í skipulögðu starfi.

Lögin taka til íþrótt- og bindindisstarfsemi og félags- og tómstundastarfsemi í skólum, að svo miklu leyti sem við á og önnur lög og aðrar reglur gilda ekki þar um.

Lögin miðast einkum við æskulýðsstarfsemi fyrir ungmenni á aldrinum 12—20 ára.

II. KAFLI

Stjórn æskulýðsmála.

2. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn þeirra æskulýðsmála, sem lög þessi fjalla um.

Stofna skal Æskulýðsráð ríkisins, skipað fimm mönnum. Ráðherra skipar formann ráðsins án tilnefningar. Þrír menn skulu tilnefndir af aðildarsamtökum Æskulýðssambands Íslands og öðrum hliðstæðum æskulýðssamböndum, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Einn maður skal tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Sömu reglur gilda um varamenn. Skipunartími er tvö ár.